

## STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2008, föstudaginn 19. desember kl. 12:00 var haldinn 101. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1.

Þessi sátu fundinn: Guðlaugur G. Sverrisson, Júlíus Vífill Ingvarsson, Kjartan Magnússon, Sigrún Elsa Smáradóttir, Svandís Svavarsdóttir, Gunnar Sigurðsson og Björn Bjarki Þorsteinsson.

Ennfremur sátu fundinn forstjóri, framkvæmdastjóri fjármála og framkvæmdastjóri framleiðslu og sölu.

Fundarritari var Eiríkur Hjálmarsson.

### Þetta gerðist:

1. Lögð fram til kynningar ódags. drög að skipulagsskrá fyrir Vatnssjóð UNICEF Ísland og Orkuveitu Reykjavíkur.
2. Lögð fram til staðfestingar svohljóðandi tillaga um skuldabréfaútböð, dags. 10. desember og samþykkt símléiðis 10. og 11. desember sl.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir, með fyrirvara um samþykki eigenda, að bjóða út skuldabréfaflokk í íslenskum krónum, allt að krónum 5.000.000.000. Gert er ráð fyrir að flokkurinn sé opinn.

Jafnframt veitir stjórn forstjóra og/eða framkvæmdastjóra Fjármála og/eða sviðstjóra Lántöku og áhættudreifingar heimild til að undirrita skuldabréfin, ásamt öllum nauðsynlegum skjölum sem tilheyra þessum skuldabréfum.

Tillögunni fylgir greinargerð.

Jafnframt lagður fram til kynningar „Samstarfssamningur Landsbankans og Orkuveitu Reykjavíkur um skuldabréfaútböð og aðra fjármögnun ársins 2009.“

Tillagan samþykkt.

3. Lögð fram svohljóðandi tillaga forstjóra, dags. 17 þ.m., varðandi sölu á eignarhluta Orkuveitu Reykjavíkur í Hitaveitu Suðurnesja hf.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að selja eignarhlut fyrirtækisins í Hitaveitu Suðurnesja hf. (HS Orku hf. og HS Dreifingu hf.) og felur stjórnarformanni og forstjóra að leita eftir tilboðum í eignarhlutann. Samráð skal haft við bæjaryfirvöld í Hafnarfirði með það fyrir augum að kanna hvort hagkvæmt kunní að vera að hafa samstarf um sölu eignarhluta beggja aðila.

Tillögunni fylgir greinargerð.

Samþykkt.

Sigrún Elsa Smáradóttir óskar bókað:

Eignarhald opinberra aðila á orkuauðlindum og vilji til að tryggja samfélagslega hagsmuni voru grunnforsendur fyrir kaupum Orkuveitunnar á hlutum í Hitaveitu Suðurnesja.

Fulltrúi Samfylkingar setur þá fyrirvara um fyrirhugaða sölu að þessum markmiðum sé haldið til haga og að ásættanlegt verð fáið fyrir hlutinn.

Svandís Svavarsdóttir greiðir atkvæði á móti og óskar bókað.

Ljóst er ef marka má bókun stjórnar frá fundinum 2. júlí 2007 þá voru kaupin í Hitaveitu Suðurnesja á sínum tíma samþykkt með það að leiðarljósi að halda veitunni í eigu almennings eins og nokkurs er kostur. Hér er lagt til að undirbúa sölu á hlutum án þess að nokkuð fari fyrir áherslum um samfélagslega hagsmuni og vilja til að halda auðlindum í eigu almennings. Fulltrúi Vinstri grænna getur ekki staðið að samþykkt slíkrar tillögu.

Kjartan Magnússon vék af fundi kl. 13:45.

#### 4. Innri endurskoðun.

- Feyging – lagt fram minnisblað Innri endurskoðanda dags. í nóvember 2008.
- Deildarstjóri Garðyrkjudeildar – lagt fram minnisblað Innri endurskoðanda dags. í desember 2008.

Innri endurskoðandi kom á fundinn og gerði grein fyrir minnisblöðunum.

#### 5. Önnur mál.

- Lagt fram yfirlit yfir launagreiðslur eftir stéttarfélögum.
- Lagt fram minnisblað stjórnar varðandi upplýsingar um arðsemismat virkjana, fjármögnun o.fl.

Ákveðið að halda næsta fund mánudaginn 29. desember kl. 12:00.

**Fleira gerðist ekki.**

**Fundi slitið kl. 14:50**

Guðlaugur G. Sverrisson,  
Björn Bjarki Þorsteinsson, Gunnar Sigurðsson, Júlíus Vífill Ingvarsson, Kjartan Magnússon,  
Sigrún Elsa Smáradóttir, Svandís Svavarsdóttir.